

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLII. árgangur.

1961

Miðvikudaginn 11. janúar 1961.

Nr. 144/1960. **H/f Norðlendingur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Útgerðarfélag Akureyringa h/f**
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Kaupfélagi Skagfirðinga

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1960 og krafist þess, að ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt í b/v Norðlendingi verði fellt úr gildi, héraðsdómur staðfestur að öðru leyti og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans í Ólafsfirði, dags. 20. október 1960, var h/f Norðlendingur skráður í hlutafélagaskrá Ólafsfjarðar hinn 22. marz 1955, og samkvæmt öðru vottorði sama bæjarfógeta, dags. s. d., var b/v Norðlendingur talinn í afsals- og veðmálabókum Ólafsfjarðar eign h/f Norðlendings árið 1959. Var Ólafsfjörður heimili skipsins, sbr. 3. gr. laga nr. 56/1914 og 7. gr. laga nr. 17/1948.

Fyrirsvarsmaður ríkissjóðs varð hæstbjóðandi í b/v Norðlending á uppboði hinn 22. júní 1960, en framseldi síðan

Útgerðarfélagi Akureyringa h/f boð sitt í skipið. Hafa þessir aðiljar gengið inn í málið fyrir Hæstarétti.

Þar sem b/v Norðlendingur átti heimahöfn og var gerður út til fiskveiða frá Íslandi, mátti skipstjórinn á honum eigi samkvæmt 2. gr. laga nr. 30/1933, skýrðri í samræmi við undirstöðurök þeirra laga, stofna hér á landi til sjóveðréttar í botnvörpunum vegna úttekta á nauðsynjum þeim, er í nefndri grein segir, í öðrum tilvikum en þeim, er í 4. gr. laganna getur, þ. e. til beinnar heimferðar án veiða.

Samkvæmt þessu ber að sýkna af kröfu stefnda um sjóveð í b/v Norðlendingi fyrir dómskuld héraðsdóms, er staðfestist að öðru leyti.

Þrátt fyrir þessi málalok ber að dæma áfrýjanda, h/f Norðlending, sem eigi sótti þing í héraði og eigi hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Héraðsdómur staðfestist að öðru en því, að niður er fellt ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt í b/v Norðlendingi.

Áfrýjandi h/f Norðlendingur greiði stefnda, Kaupfélagi Skagfirðinga, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að því er aðra aðilja varðar, fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Sauðárkróks 17. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar s.l., hefur Kaupfélag Skagfirðinga höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 20. janúar s.l., gegn Norðlendingi h/f til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 190.886.11, ásamt 6% ársvöxtum frá áramótum s.l. til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins. Þá er og krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar tildæmdum kröf-

um samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56 frá 30. nóvember 1914, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda hefur eigi verið sótt þing, þótt löglega hafi stefnt verið.

Stefnandi hefur gert þá grein fyrir umstefndri skuld, að hún sé mynduð á árinu 1959 með úttekt matvæla og smurningsolíu til skips stefnda b/v Norðlendinga, ÓF 4, og hafi til úttektar þessarar hjá stefnanda verið stofnað af skipstjóranum samkvæmt stöðuumboði hans.

Hvað snertir kröfu stefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar í b/v Norðlendingi til tryggingar stefnukröfunni, tekur stefnandi fram, að þá kröfu reisi hann á 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga. Tekur stefnandi sérstaklega fram, að hann telji breytingu þá á siglingalögum, sem gerð var með lögum nr. 30/1936, eigi geta tekið til tilviks þess, er hér liggur fyrir, en í 2. gr. þeirra laga sé niðurfelling sjóveðréttar bundin við kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum o. fl., þar á meðal hvers konar olíu. Telur stefnandi greind ákvæði laga nr. 30/1936 eigi geta átt við í máli þessu, þar sem sannað sé og viðurkennt af framkvæmdastjóra stefnda, að b/v Norðlendingur hafi aðallega stundað veiðar á fjarlægum miðum við önnur lönd á þeim tíma, er til téðrar skuldar stefnda var stofnað.

Með því að engir gallar þykja vera á málatilbúnaði stefnanda, er frávísun eigi að varða ex officio, og eigi hefur verið sótt þing af hálfu stefnda, þykir rétt samkvæmt kröfu stefnanda, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing frá framkvæmdastjóra hins stefnda félags, þar sem stefnufjárhæðin er viðurkennd rétt að vera og að til skuldarinnar hafi verið stofnað á þann hátt, er stefnandi heldur fram. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka stefnufjákröfu stefnanda að öllu leyti til greina, þannig að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 190.886.11 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar s.l. til greiðsludags.

Þá þykir og rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Framkvæmdastjóri hins stefnda félags hefur gefið út vottorð, sem lagt hefur verið fram í málinu, um veiðidaga b/v Norð-

lendings á árinu 1959, og hefur skipið samkvæmt því stundað veiðar á fjarlægum miðum, þ. e. Newfoundlandsmiðum og Grænlandsmiðum, 136 daga og á heimamiðum 76 daga. Tekið er fram í vottorðinu, að með veiðidögum sé átt við tímann frá því, er skipið fer úr höfn tilbúið til veiða, þar til það kemur í höfn til affermingar. Samkvæmt þessu vottorði, sem eigi þykir ástæða til að véfengja, verður eigi litið svo á, að b/v Norðlendingur hafi á árinu 1959 eingöngu eða aðallega verið notaður til fiskveiða hér við land. Þykja því ákvæði 2. gr. laga nr. 30/1936 eigi taka til þeirrar kröfu, er hér um ræðir. Ber því samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. 53. gr. sömu laga, að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda til handa í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar framangreindum kröfum.

Dómurinn var kveðinn upp af Jóh. Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnum Haraldí Júlíussyni kaupmanni og Sveini Sölvasyni formanni.

Dómsorð:

Stefndi, Norðlendingur h/f, greiði stefnanda, Kaupfélagi Skagfirðinga, kr. 190.886.11 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags og 1500 krónur í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í b/v Norðlendingi, ÓF 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.